

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Á sínum tíma átti ég frumkvæði að því að stofnaður væri aðgerðahópur um velferð barna. Þetta var í kjölfar mikillar umræðu um áhrif kreppunnar eða hrunsins á börn og áhyggjur af því. Það bárust fréttir af hópi barna þar sem foreldrar höfðu ekki efni á skólamáltíðum eða að fara með börnin sín til tannlæknis. Það var mikil umræða um Barnavernd Reykjavíkur og álagið á henni og svo mætti lengi telja. Til staðar voru og eru tveir hópar embættismanna, annars vegar á vegum velferðarsviðs og hins vegar á vegum menntasviðs, sem sinntu og sinna ákveðnu eftirliti hvað þetta varðar en samhæfing og forgangsröðun, svona á pólitíska sviðinu, skorti.

Þess vegna var umræddur hópur settur á legg og það má segja að hann hafi haft svona og hafi nokkuð þunga vigt því að í honum eru þrír fulltrúar sem eiga sæti í borgarráði og formaður velferðarráðs. Verkefni hópsins er að fylgjast eins vel með og hægt er félagslegri stöðu og líðan áhættuhópa. Í því sambandi á aðgerðahópurinn að fá upplýsingar frá ýmsum stöðum innan og utan borgarkerfisins, svo sem frá hópnum börnin í borginni, aðgerðateymi velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur, Barnastofu, velferðarvaktinni, hjálparstofnunum, Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands, Mæðrastyrksnefnd og öðrum hjálparstofnunum, Tannlæknafélaginu og svo framvegis.

Starf hópsins var í upphafi frekar skrykkjótt en frá því að hann var stofnaður hefur ýmislegt samt sem áður jákvætt verið gert og úrbætur hvað þennan málaflokk varðar og ber þá sennilega hæst fjölgun í Barnavernd Reykjavíkur um þrjú stöðugildi. Það var þó ekki fyrr en að borgarstjórn samþykkti tillögu Vinstri grænna um að árið yrði tileinkað velferð barna að segja má að hópurinn hafi verið farinn að starfa af markvissum krafti. Aðgerðahópurinn hófst handa við gerð tillagna fyrir borgarráð og við höfðum náð samkomulagi um tvær mjög mikilvægar tillögur og svona að hluta til um þá þriðju. Fyrsta tillagan fjallar um þjóðfund barna í október 2010 í tengslum við tendrun friðarsúlunnar og ég ætla svosem ekki að eyða mörgum orðum í hana. Það er einfaldlega kall tímans að hlustað sé á börn, réttindi þeirra séu skýrð og skapaður fyrir þau vettvangur til að

Bstj. 1. júní 2010

koma skoðunum sínum á framfæri á skipulegan hátt þannig að mark sé tekið á börnum.

Önnur tillagan fjallar um greiningu á stöðu barna sem eiga foreldra í alvarlegum fjárhagsvanda og barna atvinnulausra og að brugðist sé við þeim vandamálum sem þau eiga við að glíma, ef um það er að ræða. Um þessa tillögu ríkir sátt en tillagan er að mínu mati gríðarlega mikilvæg. Af heimsókn aðgerðahóps borgarráðs til Helsinki fyrir nokkru dró ég þá lærdóma, og ég held við öll, að Finnar væru fullir sektarkenndar vegna þeirra barna sem urðu varnarlaus fórnarlömb alvarlegs efnahagshruns í kjölfar falls Sovétríkjanna og annars hruns nokkrum árum síðar. Finnarnir sögðu mér og okkur að þeir lærdómar sem dregnir hafa verið af þeirri stöðu sem umræddur hópur barna lenti í og afleiðingum hennar, hafi fyrst og fremst verið sá að ekki var kappkostað við að fylgjast með börnunum og greina þarfir þeirra. En eins og ég sagði og ég best veit er full samstaða um þessa tillögu í hópnum.

Þriðja tillagan, frítt í sund fyrir börn, sem ég hef svosem talað fyrir hér í borgarstjórn og víðar, er svona:

Reykjavíkurborg veiti börnum að 18 ára aldri frítt í sund á alla sundstaði borgarinnar frá 1. júní 2010 til 1. september 2010.

Um þessa tillögu er sátt fyrir utan það að ég hef talað fyrir því að þetta gildi út allt árið og var búinn að tilkynna það inn í hópinn, inn í aðgerðahóp um velferð barna, að ég myndi leggja tillögu þar um þegar tillögur hópsins yrðu teknar fyrir í borgarráði 27. maí sl. eins og til stóð. Það var hins vegar ekki gert, þessar tillögur voru semsagt ekki lagðar fyrir borgarráð og ég hef enga skýringu fengið á því hvers vegna formaður hópsins, Jórunn Frímansdóttir borgarfulltrúi, Jórunn Ósk Frímansdóttir, lagði þetta ekki fram þar en þegar mér var ljóst að tillögur hópsins voru ekki á dagskrá óskaði ég eftir því að það yrði gert, að þetta yrði tekið inn á dagskrá fundarins. Þegar þetta var svo tekið upp bólaði ekki á tillögunum.

Í dag er 1. júní. Hefðu tillögur okkar verið teknar fyrir í borgarráði á fimmtudaginn var eru líkur á því að fjöldi reykvískra barna væri núna í sundlaugum borgarinnar í boði borgarsamfélagsins. Það má segja að hafi meirihluti aðgerðahóps um málefni barna, sem skipaður er meðal annars formanni

velferðarráðs og borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, hafi þeim ekki snúist hugur er með hverjum deginum sem líður héðan í frá verið að svíkja reykvísk börn um fríar sundferðir.

Forseti, borgarfulltrúar. Það er ekki nokkur vafi á því að sundlaugar eru heilbriggt umhverfi þar sem börn fá útrás í útiveru og hollri og góðri hreyfingu. Þar að auki líður flestum börnum mjög vel í vatni. Forvarnargildið er því mikið en Reykjanesbær og Árborg hafa haft frítt fyrir börn í sundlaugar um nokkurt skeið og aukningin hefur verið mikil. Í tilfalli Árborgar hefur aukningin á komu barna í sundlaugarnar verið um 50%. Þar hefur reynslan líka verið sú að foreldrar koma meira með börnum í laugina og þess vegna er þetta líka fjölskylduvænt. Tekjur íþrótta- og tómstundaráðs á árinu 2009 voru um það bil 25 milljónir af börnum, fyrir utan æfingasund og skólasund, þannig að á þessu hálfu ári sem um ræðir, og ég er að leggja til að verði veitt í þetta, þá verður tekjufallið milli 12 og 13 milljónir. Aukningin vegna fjölgunar barna í sundlaugarnar yrði tiltölulega kostnaðarlítill. Það þarf mjög mikla aukningu til þess að það þurfi að bæta við starfsfólki þannig að kostnaðurinn yrði þá sennilega bara baðvatnssápa og klór, kostnaðurinn við aukninguna. En fjölgun foreldra sem koma með börnunum myndi færa tekjur á móti. Þannig að tekjufallið yrði ekki svona mikið.

Ég lagði þessa tillögu semsagt fram í borgarráði á fimmtudaginn, þessa einu tillögu, vegna þess að við höfðum rætt um að þetta tæki gildi 1. júní. Henni var frestað og af fenginni reynslu get ég alls ekki verið viss um að þessi tillaga verði afgreidd áður en ég vík úr borgarráði af eðlilegum ástæðum, en ég tel að í því árferði sem við búum nú við sé þessi tillaga og afgreiðsla hennar mjög brýn. Hún er þá svona:

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur til að í tilefni þess að borgarstjórn hefur tileinkað árið 2010 velferð barna verði öllum börnum í Reykjavík boðið að stunda sundlaugar borgarinnar sér að kostnaðarlausu frá og með 1. júní og út árið.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að segja að það kom mér á óvart að þessi tillaga væri hér á dagskrá borgarstjórnar í dag, enda eins og borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson kom inn á, höfðum við afgreitt úr velferðarhópi barna, eða aðgerðahópi barna, í síðustu viku tillögur um það hvernig við vildum tileinka, eða ekkert endilega hvernig við vildum tileinka árið velferð barna, heldur þau nýju verkefni á árinu sem við vildum tileinka börnum og í rauninni ákveðið skjal eða ákveðin svona verkefnaupptalning sem við höfum í rauninni sent til borgarráðs. Ég get ekki svarað því af hverju þetta var ekki tekið fyrir í borgarráði í síðustu viku en eðlilega í framhaldi af fundi okkar var þetta sent til borgarráðs en þau sáu sér ekki fært að taka það þar inn, enda var auðvitað búið að senda út gögn eins og við vissum.

En þetta er á dagskrá borgarstjórnar í þessari viku hvernig við tileinkum þetta ár velferð barna og eins og borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson kom hér inn á, að þá eru þar ákveðin þrjú ný verkefni sem verða til umfjöllunar, það er í fyrsta lagi þjóðfundur barna, sem yrði haldinn þá hér í október, það á auðvitað eftir að útfæra það nákvæmlega með hvaða hætti sá þjóðfundur verður en svona okkar á millum í þessum hópi, að þar erum við að hugsa það fyrst og fremst til þess að raddir barnanna heyrist, að þau komi saman og ræði saman það sem varðar þau sérstaklega og unnið verði með það síðan áfram.

Þarna er líka greining á stöðu barna foreldra í fjárhagsvanda, og þetta er afskaplega mikilvægt á þessum tíma, að við greinum það hvernig þátttaka barna er í tómstundastarfi, íþróttastarfi. Hvernig þátttaka barna foreldra sem eiga við fjárhagserfiðleika að stríða, hvernig þátttaka þeirra er í til dæmis varðandi mat og annað slíkt og virkilega mikilvægt að farið verði í þetta verkefni. Varðandi frítt í sund fyrir börn á ári velferðar barna, þá var það tillaga okkar í hópnum, og það kom fram hér í máli borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar, að hann var ekki sammála okkur í því að það yrði einungis í sumar, en við önnur sem erum í þessum hóp, okkur fannst eðlilegt að það yrði byrjað á því að hafa frítt í sund fyrir börn nú í sumar í ljósi aðstæðna og það væri þá nýrrar borgarstjórnar að ákveða

hvort það ætti að halda því áfram út árið, enda nægur tími til þess að taka þá ákvörðun um það.

Varðandi þetta með að hafa frítt í sund fyrir börn, þá vil ég bara leggja á það áherslu að ég tel það afskaplega mikilvægt. Ég held að það sé gott skref að stíga og jákvætt að því leytinu til að börn eru jú í íþróttum yfir vetrarmánuðina, þau eru í sundi á vegum skólanna og svona ákveðinni hreyfingu fullnægt í gegnum skólana og frístundaheimilin, en yfir sumarmánuðina eru auðvitað þau börn sem ekki eru í tómstundum eða íþróttum, að þau kannski flosna upp úr því og eru jafnvel ekki að taka þátt í íþróttastarfi eða einhverju slíku og það getur jafnvel verið þá vegna fjárhags foreldra, það vitum við ekki, fyrr en þá staða þessara barna hefur verið greind nákvæmlega eins og við ætlum að gera, en þá er mjög jákvætt að þau geti farið í sund.

Þetta á auðvitað bara við um börn sem eru orðin synd og aldursviðmið á því. Í dag er það svo að átta ára börn mega fara ein í sund en sjálfsagt mun þetta líka hafa þau áhrif að foreldrar munu fara í auknum mæli með börnum sínum en ég held að þetta sé mjög jákvætt skref og ég bara styð það heilshugar að við auðvitað gerum það sem við getum í því og allavega byrjum á því að hafa frítt í sund hér í sumar og það sé þá nýrrar borgarstjórnar að ákveða hvort það verði áfram en þetta er tillaga sem auðvitað er hér fram komin en mér finnst eðlilegt að hún fari til umfjöllunar inn í borgarráð í tengslum við þessi verkefni sem við erum að leggja til að farið verði í núna á árinu og af því að ég er nú komin hingað upp þá langar mig bara til upplýsingar að fara yfir þau verkefni sem hópurinn leggur síðan sérstaka áherslu á til viðbótar og eru verkefni sem eru þegar í gangi en við viljum að verði hugað sérstaklega að á þessu ári, en það er eftirlit með velferð barna og aðgerðahópur um velferð barna sem starfað hefur hjá Reykjavíkurborg frá því á vormánuðum 2009 muni bregðast við hættumerkjum ef ástæða þykir til, svo sem vegna aukins álags á Barnavernd Reykjavíkur, og á síðustu mánuðum hefur verið fjölgað um þrjú stöðugildi og nýlega var einnig ákveðið að útfæra tillögur til að bregðast við þörfum reykvískra barna sem eiga atvinnulausa foreldra.

Liður í viðbrögðum við breyttu efnahagsástandi er að kynna betur fyrir börnum og foreldrum þau úrræði sem eru í boði og við sem sagt leggjum áherslu á það að upplýsingar frá aðgerðateymi velferðarsviðs og hópnum börnin í borginni, að þar

verði, sem hafa unnið að þróun ákveðinna eftirlitsleiða, að þeim verði fylgt eftir og eins það að það verði kynnt sérstaklega fyrir foreldrum heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðarreglna, sem er svokölluð 16. grein, sem styður sérstaklega við börn.

Nú, að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og samfélagsþátttaka barna og ungmenna, það verði lögð sérstök áhersla á að kynna það og það verði farið í átak við að stemma stigu við ofbeldi gegn börnum, en það hefur þegar verið samþykkt að fara í slíkt átak í mannréttindaráði og finnst okkur mikilvægt að það verði lögð áhersla á það. Aðgerðir gegn einelti að sama skapi, þar hefur verið ákveðið að fara í ákveðnar aðgerðir á vegum mannréttindaráðs og dagur án eineltis var í fyrsta sinn haldinn 17. mars sl. og mikilvægt að því starfi öllu verði haldið áfram. Við leggjum sérstaka áherslu á foreldraþjálfun og það verði efnt til kynningarátaks vegna foreldrafærninámskeiða hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar og kynnt sérstaklega sú ráðgjöf sem þar stendur til boða. Foreldrar geta sótt uppeldisnámskeið sem og sérhæfð námskeið vegna sérstakra aðstæðna eða vanda en það er auðvitað mikilvægt að kynna foreldrum þessi úrræði. Og loks er í gangi úttekt á máltíðum í mótuneytum leik- og grunnskólanna og við leggjum sérstaka áherslu á að því verði lokið og gripið til aðgerða í samræmi við þá úttekt.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra hér, mér finnst bara gott að hafa fengið tækifæri til þess að ræða þessi mál hér, þó vissulega hafi tillagan komið á óvart, einfaldlega vegna þess að ég vissi að málið væri til umfjöllunar í borgarráði en ég sit ekki þar. Þannig að það var kærkomið að fá að fara yfir þessi mál en ég hef veitt forystu aðgerðahópi barna og auðvitað höfum við unnið sameiginlega að útfærslu þessara verkefna og þau eru vonandi bara að sigla í höfn á borgarráðsfundi á fimmtudaginn en ég semsagt legg það til að þessari tillögu verði vísað inn í borgarráð til umfjöllunar um leið og tekið verður fyrir verkefnið um velferð barna á árinu.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Formaður velferðarráðs, borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir, upplýsir hér að tillögur þær sem við ákváðum í okkar hópi, aðgerðahóp um málefni barna, hafi verið vísað til borgarráðs og það er þá væntanlega á ábyrgð formanns borgarráðs að þær voru ekki teknar fyrir í borgarráði 27. maí, sl. fimmtudag. Hann er nú ekki hér í salnum til að svara fyrir það en hann er kannski að hlusta einhversstaðar annarsstaðar. Það náttúrulega segir sig sjálft að tillögur, að tillögur eða tillaga um að börn fái frítt í sund frá og með 1. júní, tillaga sem formaður velferðarráðs er að kynna hér, það er náttúrulega betra að taka þær fyrir á dagskrá fyrir 1. júní, ekki rétt?

Ég svosem, það er bitamunur en ekki fjár ef ég fæ fyrirheit um það að málið verði tekið á dagskrá á fimmtudaginn kemur en ég spyr: ef samstaða er um þetta mál og þetta á að hafa tekið gildi frá og með deginum í dag, þá er ég bara að tala um þetta eina mál, þessa einu tillögu af þessum þremur, af hverju getum við þá ekki afgreitt hana hér? Af hverju eigum við að vera að bíða með það fram á fimmtudag? Ég skil það ekki.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Marta Guðjónsdóttir: Virðulegi forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég veit ekki betur, borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson, en að borgarstjórn öll hafi unnið í anda velferðar barna á þessu ári, enda það sem kemur fram í fjárhagsáætlun og starfsáætlun borgarstjórnar, það snýr allt að velferð barna. Ef við tökum dæmi um starfsáætlun í mannréttindaráði, þá snýr hún að mestu leyti að velferð barna og þar eru fjölmörg verkefni sem eru á dagskrá sem snúa að velferð barna, sem snúa að átaki hvað varðar ofbeldi gagnvart börnum, hvað varðar einelti og fleiri mál. Þannig að ég vil taka undir með borgarfulltrúa Jórunni Frímansdóttur hér áðan, hún er búin að vera hér í forsvari fyrir aðgerðahópi barna þar sem koma fram mjög metnaðarfullar tillögur sem snúa að aukinni velferð barna í borginni og ég tel rétt að það sé tekið á þeim tillögum á vettvangi borgarráðs í heild sinni og tel þá rétt að þín tillaga fái þá að vera þar með.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara örstutt varðandi það að samstaða sé um tillöguna. Ég held að það sé eðlilegt að tillagan fari til umfjöllunar í borgarráði ásamt öðrum tillögum sem komu frá hópnum er varða velferð barna og hugmyndir um verkefni til að fara í á þessu ári. Það þarf auðvitað sérstaka fjárveitingu til að geta klárað þessi mál og það er rétt að það fari til umfjöllunar í borgarráði og verði samþykkt þar.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Þá gerir stutta athugasemd borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég næ ekki alveg þessari málsmeðferðartillögu. Ef við erum sammála um það að börn eigi að fá frítt í sund frá og með deginum í dag, af hverju erum við þá að draga að taka ákvörðun um það fram á fimmtudag? Ég er tilbúinn til þess að breyta tillögunni í, bara til samræmis við tillögu meirihlutans, þannig að börn fái frítt í sund frá því í dag og fram til 1. september, ef það er til að liðka fyrir málinu, og síðan tekur bara næsta borgarstjórn ákvörðun um framhaldið, en ég sé enga ástæðu, ég er tilbúinn að gera þetta og lýsi því yfir, en ég sé enga ástæðu til að fresta málinu fram á fimmtudag.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að byrja á því að þakka borgarfulltrúa Þorleifi Gunnlaugssyni fyrir þá tillögu sem hann flutti í upphafi, um að veita frítt í sund fyrir börn nú á því ári sem nú er og við höfum ákveðið að tileinka velferð barna. Sundið styður velferð barna á ýmsan hátt og mjög skýr rök eru fyrir því að þetta verði gert núna yfir sumarmánuðina, ekki síst vegna þess að þá er ekki leikfimi í skólum né skólasund og börn þurfa hreyfingu og það eru lengri sumarlokanir á leikskólum en verið hefur og það styður líka mjög mikið og án nokkurs vafa að það eigi að samþykkja frítt í sund fyrir börn núna yfir sumarmánuðina.

Það hefur hins vegar, náðist ekki full samstaða um það í aðgerðahópnum, að semsagt óska eftir því að það verði frítt í sund allt árið en nú hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson komið með málsmeðferðartillögu um að borgarstjórn samþykki hér þá tillögu sem aðgerðahópurinn var algjörlega einhuga um að yrði að minnsta kosti frítt í sund frá og með 1. júní til og með 1. september. Mér finnst að borgarstjórn eigi að fagna þessari málsmeðferðartillögu borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar og samþykkja það að frítt verði í sundlaugar borgarinnar frá og með deginum í dag til 1. júní og mér finnst að borgarstjórn geti gert það vegna þess að við erum með samdrátt á öðrum sviðum borgarinnar í þjónustu við börn, í leikskólum og síðan er það náttúrulega núna eins og alltaf að skólarnir eru ekki starfræktir og efla ekki hreyfingu barna á nákvæmlega þessum tíma sem ný tillaga borgarfulltrúa Þorleifs tekur til. Þannig að ég hvet borgarstjórn til þess að fagna málsmeðferðartillögu Þorleifs Gunnlaugssonar og samþykkja þetta.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson kynnti ákveðna breytingu á sinni tillögu, það er að segja að þetta verði frá 1. júní til 1. september, þannig að þannig er tillagan núna í dag og það er semsagt tillaga um að vísa henni til borgarráðs. [Forseti slær í bjöllu] [Frammícall] Ha? Tillagan semsé? Já, ég kynnti hana þannig, frá 1. júní til 1. september. Það er tillaga um að vísa henni til borgarráðs. Já, þeir sem samþykkja að vísa tillögunni þannig breyttri til borgarráðs gefið merki. Einhver á móti? Hún er samþykkt samhljóða með 13

Bstj. 1. júní 2010

atkvæðum. Þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er tillaga Ólafs F. Magnússonar um að óskað verði eftir lögreglurannsókn á því hvernig styrkjum borgarinnar til stjórnmalasamtaka er varið og til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.